

**FÉLAGSPJÓNUSTA**  
**RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU**  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella s. 487-8125

---

**Reglur um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk**

1.gr.

Reglur þessar byggja á 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum og taka mið af leiðbeinandi reglum Velferðarráðneytisins fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fatlaðs fólks.

2.gr.

Markmið ferðapjónustu Félagspjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur, kleift að stunda vinnu, nám, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og njóta tómtunda. Haft er að leiðarljósi að aðstoða fatlað fólk til þátttöku í samfélaginu eins og kostur er hverju sinni.

Akstursþjónusta er veitt innan marka lögheimilissveitarfélags notandans, um akstur utan lögheimilissveitarfélags þarf að sækja um sérstaklega.

3. gr.

Skilyrði fyrir þjónustu samkvæmt reglum þessum:

- Að notandi eigi lögheimili í sveitarfélagi innan svæðis Félagspjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu
- Að notandi geti ekki nýtt sér almenningssamgöngur vegna fötlunar
- Að notandi eigi ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingarstofnun ríkisins

Heimilt er að veita undanþágu frá þessum skilyrðum skv. mati starfsfólks félagspjónustu vegna sérstakra aðstæðna.

4. gr.

Félagspjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu ber ábyrgð á ferðapjónustu fyrir fatlað fólk og hefur félagsmálastjóri yfirumsjón með henni.

Umsókn um ferðapjónustu berist Félagspjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á skrifstofum sveitarfélaganna, hjá félagsþjónustunni og á

heimasíðu félagsþjónustunnar, [www.felagsmal.is](http://www.felagsmal.is). Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um notanda s.s. fötlun, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi þær eru farnar.

Umsókn um ferðaþjónustu er afgreidd af starfsmönnum félagsþjónustunnar. Starfsmenn leggja mat á umsókn, ákveða umfang og tímalengd þjónustunnar. Ef sótt er um ferðaþjónustu sem ekki fellur undir reglur þessar er umsókn tekin fyrir á fundi félagsmálanefndar.

Umsókn er svarað skriflega innan fjögurra vikna frá því að hún berst. Umsókn er metin með hliðsjón af getu og færni notanda og möguleika hans til að nýta sér þjónustu almenningsgangna og/eða annarra ferðamöguleika.

#### 5. gr.

Fyrirkomulag ferða byggist einkum á leigubifreiðum og einkabifreiðum starfsfólks sem sinnir liðsveislu og félagslegri heimaþjónustu. Einstaklingsbundna samninga um slíkt fyrirkomulag skal gera milli notanda, starfsmanns og sveitarfélags þar sem kveðið er á um greiðslu kostnaðar og tekið er tillit til skattlagningar á greiðslum. Í samningi skal jafnframt koma fram hvaða tryggingarvernd sé til staðar fyrir hagsmuni notanda og starfsmanns. Einnig hvernig farið skal með tjonstilvik og greiðslu sjálfsábyrgðar. Starfsmaður félagsþjónustunnar skipuleggur aksturáætlun í samvinnu við bílstjóra og með þarfir notanda í huga. Við framkvæmd þjónustunnar skal taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki.

#### 6. gr.

Ferðir til og frá vinnu, skóla, hæfingu og vegna heilbrigðisþjónustu ganga fyrir öðrum ferðum.

Fjöldi ferða til annarra erinda, en að ofan greinir er háður takmörkunum, en við það skal miðað að þær verði ekki fleiri en 18 í mánuði vegna tómsunda og heildarfjöldi ferða eigi fleiri en 66 að jafnaði í mánuði sé akstur vegna tómsunda talinn með.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

Umsókn um ferðir vegna afþreyingar eða tómsunda skulu metnar í samráði við umsækjanda hverju sinni.

Umsóknir um ferðaþjónustu þeirra sem búa í dreifbýli eru teknar fyrir á fundi félagsmálanefndar og metnar út frá þörfum hvers einstaklings. Leitast skal við að samnýta ferðir eins og kostur er og sýna sveigjanleika með því að semja við einkaaðila. Ef sótt er um ferðaþjónustu um langan veg í dreifðum byggðum tekur notandi þátt í í hluta kostnaðar þjónustunnar.

#### 7. gr.

Um gjald ferðaþjónustu vísast til gjaldskrár ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk .

8. gr.

Umsækjandi um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk getur krafist rökstuddra skriflegra svara um forsendur ef umsókn er synjað. Ákvörðun um synjun má áfrýja til félagsmálanefndar Rangárvalla – og Vestur Skaftafellssýslu. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna. Ákvörðun félagsmálanefnda er unnt að skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu -og húsnæðismála.

9. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Samþykkt af félagsmálanefnd 5. 12. 2012

Samþykkt af aðildarsveitarfélögum á vormánuðum 2013.